

Tilmæli 21/2023  
Tillaga A 1942/UHN  
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

## Norrænar aðgerðir gegn alþjóðlegum umhverfisglæpum (A 1942/UHN)

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 21/2023 um til greina og bíði pólitísku samráðs hvað varðar norrænar aðgerðir gegn alþjóðlegum umhverfisglæpum.

### Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

að greiða fyrir og samræma norrænt samstarf í tengslum við baráttu gegn alþjóðlegum umhverfisglæpum

### Svar norrænu ríkisstjórnanna

Evrópuþingið og ráðið komust nýlega að samkomulagi um endurskoðaða tilskipun um umhverfisglæpi. Tilskipunin inniheldur lýsingar á glæpum fyrir alvarlegustu brotin á umhverfislöggjöf ESB og samræmir lágmarksviðurlög þessara brota. Það felur í sér að aðildarríkin hafi sameiginlegan skilning á því hvað skuli gera refsivert og hver ströngustu viðurlögin skuli við þessum glæpum, sem mun auðvelda samstarf milli aðildarríkjanna í tengslum við umhverfisglæpi sem teygja sig yfir landamæri. Tilskipunin inniheldur einnig ákvæði sem fela í sér að aðildarríkin skuli tryggja að yfirvöld sem berjast gegn umhverfisbrotum hafi næg úrræði og aðgang að viðeigandi þvingunarráðstöfunum. Þess er vænst að þetta muni auðvelda samstarf um aðgerðir gegn alþjóðlegum umhverfisglæpum.

Félagslega sjálfbært samfélag felur í sér að borgararnir séu öruggir og að mótstaða gegn alvarlegum glæpum af ýmsum toga sé sterk. Undir formennsku Svía í Norrænu ráðherranefndinni verður því lögð sérstök áhersla á samstarf og miðlun þekkingar og reynslu milli Norðurlandanna um mismunandi tegundir afbrota. Með því að deila innsýn



og reynslu um hvernig hægt er að koma í veg fyrir og stjórna alvarlegum glæpum er hægt að þróa verkið á grundvelli bestu mögulegu þekkingar. Eitt dæmi er ólögleg meðhöndlun úrgangs, þar sem mikill efnahagslegur hagnaður ásamt lítilli greiningaráhættu er að baki. Því verður komið á samanburðarrannsókn á skilyrðum til að koma í veg fyrir og berjast gegn úrgangsbrotum á Norðurlöndum innan samstarfs á sviði umhverfis- og loftslagsmála.

Það er einnig í gangi norrænt samstarf og skipti á milli löggæslufyrivalda sem tengjast afbrotum sem ná yfir landamæri, þar á meðal umhverfisbrotum. Til dæmis mun sænska lögreglan á árunum 2024-25 leiða aðgerð innan ramma evrópsks þverfaglegs vettvangs gegn glæpastarfsemi (EMPACT), en markmiðið með starfseminni er að efla samstarf Norðurlandanna til að koma upp um og koma í veg fyrir ólöglega flutninga á úr sér gengnum ökutækjum og hlutum ökutækja. Annað dæmi er ENPRO (Network of Prosecutors on Environmental Crime in the Baltic Sea Region) innan CBSS sem samanstendur af saksóknurum sem fjalla um umhverfisglæpi á Eystrasaltssvæðinu og Norðursjávarnet saksóknara og rannsakenda hjá OSPAR, þar sem löndin, sem þar hafa orðið fyrir áhrifum, vinna saman að því að rannsaka og lögsækja MARPOL sjávarmengun í Norðursjó.

*Norrænu ríkisstjórnirnar telja hér með að orðið hafi verið við tilmælunum að hluta.*

## **Sjónarmið nefndarinnar**

Nefndin veitir því athygli að sænska formennskan hafi lagt áherslu á samstarf um miðlun þekkingar og reynslu á ýmis konar brotastarfsemi milli norrænu landanna. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að leggja sérstaka áherslu á umhverfisglæpi og veitir því athygli að í svarinu er vísað til ólöglegrar meðhöndlunar úrgangs.

Nefndin veitir því athygli að í gangi er norrænt samstarf milli viðeigandi stofnana um alþjóðlega brotastarfsemi, þar á meðal umhverfisglæpi, en telur tækifæri vera til staðar fyrir mun meira samstarf og markvissari aðgerðir, til dæmis í tengslum við innleiðingu tilskipunar ESB um umhverfisglæpi, ábyrgð fyrirtækja á vernd mannréttinda og umhverfis í virðiskeðjum þeirra, miðlun þekkingar og reynslu o.fl.

Nefndin leggur áherslu á að Norðurlönd eiga að vera í fararbroddi í aðgerðum gegn alþjóðlegum umhverfisglæpum. Umhverfisglæpir eru ein tekjumesta skipulagða glæpastarfsemi heims og hafa neikvæð áhrif á bæði umhverfið og manneskjur. Þess vegna telur nefndin einnig að Norðurlönd getu í sameiningu gert mun meira en þau gera í dag og álitur tilmælin því ekki afgreidd og bíður pólitísku samráðs hvað varðar Norrænar aðgerðir gegn alþjóðlegum umhverfisglæpum.

Þórshöfn hinn 8. apríl 2024



*Tove Elise Madland (A)*  
*Karin Gaardsted (S)*  
*Johan Andersson (S)*  
*Åsa Karlsson (S)*  
*André N. Skjelstad (V)*  
*Anna Falkenberg (sb)*  
*Rebecka Le Moine (MP)*

*Bella Forsgrén (gröna)*  
*Heikki Autto (saml)*  
*Lene Westgaard-Halle (H)*  
*Marianne Bigum (SF)*  
*Lars Andersson (SD)*  
*Staffan Eklöf (SD)*  
*Himanshu Gulati (FrP)*